# Hátíð brautskráðra doktora

**1. desember 2011**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**1911-2011**





Doktorsnafnbót er æðsti lærdómstitill sem háskólar veita. Forsendur doktorsprófs frá Háskóla Íslands hafa breyst mikið á þeirri öld sem hann hefur starfað. Fyrstur til að verja doktorsritgerð frá skólanum var Páll Eggert Ólason árið 1919 og árið 1960 var Selma Jónsdóttir fyrst kvenna til að leggja fram doktorsrit til varnar.

Á síðustu 20 árum hefur doktorsnám færst í vöxt við Háskóla Íslands. Sérstaklega hefur doktorsnámið tekið stakkaskiptum í kjölfar stefnumörkunar háskólans árið 2006, en þar var rík áhersla lögð á eflingu rannsókna og doktorsnáms. Á þessum tíma hefur árangur Háskóla Íslands á sviði rannsókna og nýsköpunar stóraukist og er það ekki síst að þakka framlagi doktorsnema.

Efling doktorsnáms við Háskóla Íslands styrkir stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla og gerir honum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Öflugur rannsóknaháskóli er frumskilyrði þess að Ísland sé samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun innan þekkingarsamfélags þjóðanna.

Við fögnum nú í fyrsta skipti með sérstakri athöfn þeim doktorum sem brautskráðst hafa frá Háskóla Íslands á undangengnu ári. Á tímabilinu frá 1. desember 2010 til 1. desember 2011 brautskráðust 47 doktorar frá Háskóla Íslands, 27 karlar og 20 konur. Doktorsnám er í eðli sínu alþjóðlegt og eru doktorar frá Háskóla Íslands á þessu tímabili frá níu þjóðlöndum og þremur heimsálfum, en rúm 60% þeirra eru frá Íslandi. Háskóli Íslands er stoltur af þessum glæsilega hópi sem mun vafalítið hasla sér völl á fjölbreyttum vettvangi.

**Jón Atli Benediktsson**
*aðstoðarrektor vísinda og kennslu og starfandi forstöðumaður Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands*

# Félagsvísindasvið





## Eiríkur Jónsson

Lögfræði / Lagadeild

**Heiti ritgerðar:** *Vernd lögaðila samkvæmt 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar.*
**Leiðbeinandi:** Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild.
Doktorsvörn Eiríks fór fram 3. nóvember.



## Helga Þórey Björnsdóttir

Mannfræði / Félags- og mannvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Hraustir menn. Sköpun kyngervis og sjálfsmyndar í Íslensku friðargæslunni („Give me some men who are stout-hearted men, who will fight for the right they adore". Negotiating Gender and Identity in Icelandic Peacekeeping).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild.
Doktorsvörn Helgu fór fram 27. október.



## Gunnar Óskarsson

Viðskiptafræði / Viðskiptafræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Nýting ytri upplýsinga í stöðugri nýsköpun: áhrif hæfni stjórnenda í upplýsingatækni og tengdri færni á nýhugsun fjölþjóðafyrirtækja (Utilizing External Information in Continuous Innovation Processes: The impact of managerial IT skills and supportive capabilities on the innovativeness of multinational companies).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við Viðskiptafræðideild, og dr. Patrick Joynt, prófessor við Harstad University og Henley Business School, Reading University.
Doktorsvörn Gunnars fór fram 4. mars.



## Magnús Árni Magnússon

Stjórnmálafræði / Stjórnmálafræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Evrópusamruninn á Íslandi og Möltu: Efnahagshvatar og pólitískar hindranir (The Engagement of Iceland and Malta with European Integration: Economic Incentives and Political Constraints).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórnmálafræðideild.
Doktorsvörn Magnúsar fór fram 26. apríl.

# Heilbrigðisvísindasvið





## Bertrand Lauth

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Greiningarviðtal vegna lyndis-raskana og geðklofa hjá grunnskólabörnum – útgáfa fyrir núverandi lotu og yfir ævilangt tímabil (K-SADS-PL): Menningarleg aðlögun og athugun á réttmæti í klínísku þýði íslenskra unglinga (Schedule for Affective Disorders and Schizophrenia for School-Age Children – Present and Lifetime version (K-SADS-PL): Cross-cultural adaptation and validation in an Icelandic adolescent clinical population).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Hannes Pétursson, prófessor við Læknadeild, og Engilbert Sigurðsson, dósent við Læknadeild.
Doktorsvörn Bertrands fór fram 24. maí.



## Harpa Helgadóttir

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Rannsókn á stöðugleikakerfi herða-blaðs hjá sjúklingum með verki í hálshrygg. Mat á stöðu herðablaðs og kveikjumynstri stöðugleikavöðva herðablaðs hjá sjúklingum með hálsverki af óþekktum uppruna og eftir hálshnykk (Investigation of the stability system of the scapula in patients with cervical spine disorders. Assessment of scapular orientation and recruitment of the scapular stability muscles in patients with insidious onset neck pain and whiplash associated disorder).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Halldór Jónsson jr., prófessor við Læknadeild, og dr. Eyþór B. Kristjánsson, sjúkraþjálfari, FORMI, Ullevål-háskóla-sjúkrahúsinu í Ósló.
Doktorsvörn Hörpu fór fram 13. desember 2010.



## Bryndís Björnsdóttir

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Sýkingarmáttur Moritella viscosa – seyti og samspil hýsils og sýkils (Moritella viscosa Virulence – Extracellular Products and Host-Pathogen Interaction).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Bjarn-heiður K. Guðmundsdóttir, sérfræðingur við Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og aðjúnkt við Læknadeild.
Doktorsvörn Bryndísar fór fram 6. maí.



## Hélène Lauzon

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Forvarnir í þorskeldi: Einangrun, notkun og áhrif bætibaktería á fyrstu stigum þorskeldis (Preventive Measures in Aquaculture: Isolation, Application and Effects of Probiotics on Atlantic Cod (Gadus morhua L.) Rearing at Early Stages).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, sérfræðingur við Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og aðjúnkt við Læknadeild.
Doktorsvörn Hélène fór fram 17. desember 2010.



## Helga Zoéga

Lýðheilsuvísindi / Lyfjafræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Geðlyfjanotkun barna: Samanburður á notkun ADHD lyfja á Norðurlöndum og áhrif lyfjameðferðar við ADHD á námsárangur (Psychotropic Drug Use among Children: A Comparison of ADHD Drug Use in the Nordic Countries and the effect of ADHD Drug Treatment on Academic Progress).*
**Aðalleiðbeinandi:** Dr. Unnur A. Valdimarsdóttir, dósent við Læknadeild. **Meðleiðbeinandi:** Dr. Anna Birna Almarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild.
Doktorsvörn Helgu fór fram 29. ágúst.



## Hildur Hrönn Arnardóttir

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Áhrif fiskolíu í fæði á frumugerðir, frumuboðefni, flakkboða og flakkboðaviðtaka í heilbrigðum músum og músum sprautuðum með inneitri. (The effects of dietary fish oil on cell populations, cytokines, chemokines and chemokine receptors in healthy and endotoxemic mice).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Ingibjörg Harðardóttir, prófessor við Læknadeild. **Meðleiðbeinandi:** Dr. Jóna Freysdóttir, dósent við Læknadeild.
Doktorsvörn Hildar fór fram 22. ágúst.



## Linda Björk Ólafsdóttir

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Faraldsfræðileg rannsókn á algengi og sjúkdómsgangi starfrænna meltingarfærakvilla á Íslandi (Epidemiological study on the prevalence and natural history of functional gastrointestinal disorders in Iceland).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Einar S. Björnsson, prófessor við Læknadeild.
**Meðleiðbeinandi:** Dr. Bjarni Þjóðleifsson, sérfræðingur í meltingarsjúkdómum og fyrrverandi yfirlæknir á Landspítala háskólasjúkrahúsi.
Doktorsvörn Lindu fór fram 31. ágúst.



## Martin Messner

Lyfjavísindi / Lyfjafræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Hópmyndanir sýklódextrínflétta (Self-assembled cyclodextrin complexes).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Doktorsvörn Martins fór fram 11. maí.



## Martin Ingi Sigurðsson

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Lífupplýsingafræðileg og sameindalíffræðileg greining á eiginleikum DNA-metýlunar í erfðamengi mannsins (Bioinformatic and biological analysis of DNA-methylation in the human genome).* **Leiðbeinandi:** Dr. Jón Jóhannes Jónsson, dósent við Læknadeild. **Meðleiðbeinandi:** Dr. Hans Tómas Björnsson, sérnámslæknir í barna- og erfðalækningum við Johns Hopkins háskólasjúkrahúsið í Baltimore.

Doktorsvörn Martins fór fram 30. júní.



## Sif Hansdóttir

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Áhrif D-vítamíns og reykinga á ósérhæfða ónæmissvörun í lungum (Modulation of lung innate immunity by vitamin-D and cigarette smoke).* **Leiðbeinandi:** Dr. Gunnar Guðmundsson, dósent við Læknadeild Háskóla Íslands.

Doktorsvörn Sifjar fór fram 20. júní.



## Ólafur Andri Stefánsson

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *BRCA – lík svipgerð í stökum brjóstakrabbameinum (BRCA – like Phenotype in Sporadic Breast Cancers).* **Leiðbeinandi:** Dr. Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Ólafs fór fram 2. september.



## Siggeir Fannar Brynjólfsson

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Bólusetning nýbura við meningókokkasjúkdómi (Neonatal vaccination strategies against meningococcal disease).* **Leiðbeinandi:** Dr. Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Siggeirs fór fram 20. október.



## Þórunn Ásta Ólafsdóttir

Líf- og læknavísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Ónæmissvör nýbura við bólusetningu – Nýir ónæmisglæðar og ónæmisvakar til verndar gegn pneumókokka- og inflúensusjúkdómum (Neonatal immune response to vaccination – Novel adjuvants and antigens to prevent pneumococcal and influenza infections).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Læknadeild.
Doktorsvörn Þórunnar fór fram 23. september.



## Þrúður Gunnarsdóttir

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Fjölskyldumiðuð atferlismeðferð fyrir of feit börn. Raunprófun meðferðar í klínískum aðstæðum (Family-based behavioural treatment for childhood obesity. Clinical issues and generalizability of evidence-based treatment).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Ragnar Bjarnason, prófessor við Læknadeild.
**Meðleiðbeinendur:** Dr. Urður Njarðvík, lektor við Sálfræðideild, og dr. Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.
Doktorsvörn Þrúðar fór fram 16. september.







# Hugvísindasvið



## Arndís S. Árnadóttir

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild

**Heiti ritgerðar:** *Nútímaheimilið í mótun – fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900-1970.*
**Leiðbeinandi:** Dr. Guðmundur Jónsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Doktorsvörn Arndísar fór fram 19. ágúst.



## Erla Hulda Halldórsdóttir

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild

**Heiti ritgerðar:** *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903.*
**Leiðbeinandi:** Dr. Guðmundur Hálfdanarson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Doktorsvörn Erlu fór fram 23. september.



## Ásgrímur Angantýsson

Íslensk málfræði / Íslensku- og menningardeild

**Heiti ritgerðar:** *Gerð aukasetninga í íslensku og skyldum málum (The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Höskuldur Þráinsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Doktorsvörn Ásgríms fór fram 5. mars.



## Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

Íslensk málfræði / Íslensku- og menningardeild

**Heiti ritgerðar:** *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar.*
**Leiðbeinandi:** Dr. Guðrún Kvaran, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Doktorsvörn Jóhannesar fór fram 21. október.



# Menntavísindasvið



## Karen Rut Gísladóttir

Menntunarfræði / Kennaradeild

**Heiti ritgerðar:** *Ég er heyrnarlaus, ekki ólæs: Hugmyndafræðilegt ferðalag heyrandi kennara inn í lestrar- og ritunarauðlindir heyrnarlausra nemenda (I am Deaf, not illiterate: A hearing teacher's ideological journey into the literacy practices of children who are deaf).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Hafþór Guðjónsson, dósent í kennslufræðum við Kennaradeild, dr. Hafdís Guðjónsdóttir, dósent í kennslufræðum og sérkennslufræðum við Kennaradeild, og dr. Amy Suzanne Johnson Lachuk, prófessor við University of South Carolina.
Doktorsvörn Karenar fór fram 11. mars.



## Kristján Þór Magnússon

Menntunarfræði / Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

**Heiti ritgerðar:** *Hreyfing og þrek 7 og 9 ára Íslendinga – Samanburður tveggja úrtaka og áhrif tveggja ára skólaíhlutunar (Physical Activity and Fitness of 7- and 9-year-old Icelanders – A Comparison of Two Cohorts and the Effects of a Two-Year School-Based Intervention)*
**Leiðbeinandi:** Dr. Erlingur Jóhannsson, prófessor við Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild. **Meðleiðbeinandi:** Dr. Þórarinn Sveinsson, dósent við Læknadeild.
Doktorsvörn Kristjáns fór fram 15. ágúst.



## Þuríður Jóna Jóhannsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræði / Uppeldis- og menntunarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Kennaramenntun í fjarnámi samhliða kennslu í skóla: Einstaklingsþróun og kerfisþróun í skólum og kennaramenntun (Teacher education and school-based distance learning: Individual and systemic development in schools and a teacher education programme).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor og forseti Menntavísindasviðs, og dr. Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið.
Doktorsvörn Þuríðar fór fram 3. desember 2010.



# Verkfræði- og náttúruvísindasvið



## Alberto Villa

Rafmagns- og tölvuverkfræði / Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Tækniháskólanum í Grenoble (INPG) í Frakklandi.

**Heiti ritgerðar:** *Framsæknar aðferðir til afblöndunar og flokkunar fjarkönnunargagna með mikla rófupplausn (Advanced Spectral Unmixing and Classification Methods for Hyperspectral Remote Sensing Data).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu og prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, dr. Christian Jutten, prófessor við INPG, og dr. Jocelyn Chanussot, prófessor við INPG.
Doktorsvörn Albertos fór fram 6. júní í Lissabon í Portúgal.



## Alexandre Pierre Gysi

Jarðfræði / Jarðvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Samspil $CO_2$-ríks vatns við basalt – tilraunir og líkanreikningar ($CO_2$-water-basalt interaction: reaction path experiments and numerical modeling).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Andri Stefánsson, dósent í jarðefnafræði við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.
Doktorsvörn Alexandres fór fram 8. nóvember.



## Annalisa De Cia

Stjarneðlisfræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Ljósi varpað á myndunarsvæði glæða gammablossa (Unravelling the Environment of Gamma-Ray Burst Afterglows).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Gunnlaugur Björnsson, vísindamaður við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, dr. Páll Jakobsson og dr. Einar H. Guðmundsson, prófessorar við Raunvísindadeild.
Doktorsvörn Önnulisu fór fram 1. júlí.



## Baldvin Einarsson

Stærðfræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Samverkandi eindalíkan tengt kvikum orkubúskap: greining þess og notkun (An Interacting Particle Model and Dynamic Energy Budget Theory: Analysis and Applications).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Björn Birnir, prófessor við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og gestaprófessor við Háskóla Íslands, og dr. Sven Þ. Sigurðsson, prófessor við Raunvísindadeild.
Doktorsvörn Baldvins fór fram 16. apríl.



## Björn Agnarsson

Eðlisfræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Ljósleiðandi örflögur fyrir yfirborðsbundna ljósörvun (Symmetric Evanescent-Wave Platform for Optical Excitation and Sensing in Aqueous Solutions).* **Leiðbeinandi:** Dr. Kristján Leósson, vísindamaður við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. **Meðleiðbeinandi:** Dr. Þórarinn Guðjónsson, dósent við Læknadeild og forstöðumaður Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum.

Doktorsvörn Björns fór fram 3. desember 2010.



## Carlos Davíð Magnússon

Lífefnafræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Eterlípíð: Efnasmíðar á stöðubundnum díasyl glýseryl eterum og metoxyl-setnum 1-O-alkyl-sn-glýserólum (Ether Lipids: Synthesis of structured diacyl glyceryl ethers and methoxylated 1-O-alkyl-sn-glycerols).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Guðmundur G. Haraldsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Doktorsvörn Carlosar fór fram 8. desember 2010.



## Camille Leblanc

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Oregon State University í Bandaríkjunum.

**Heiti ritgerðar:** *Mikilvægi eggjastærðar fyrir fjölbreytileika hjá laxfiskum. (The Importance of Egg Size for the Diversity of Salmonids).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Sigurður S. Snorrason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla, og David L. G. Noakes, prófessor við Oregon State University.

Doktorsvörn Camille fór fram í Bandaríkjunum 6. júní.



## Chamari Dissanayake

Stærðfræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Sæbjúgu við Sri Lanka: Stofnmat og stjórnun strandveiða (Assessment and Management of sea cucumber resources in the coastal waters of Sri Lanka).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild, dr. Guðrún Marteinsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og dr. Lorna Taylor, sérfræðingur á sviði vistfræðilíkana.

Doktorsvörn Chamari fór fram 8. júlí.



## Cosmin Mihai Gainar

Eðlisfræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Merkjaflutningur um opna skammtavíra (Signal propagation in open quantum wires).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Viðar Guðmundsson, prófessor við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.
Doktorsvörn Cosmins fór fram 10. desember 2010.



## Edda Sif Pind Aradóttir

Efnafræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Reiknispár um bindingu $CO_2$ í steindum með hvarfa- og flæðilíkönum af samspili $CO_2$, vatns og basalts (Reactive transport models of $CO_2$-water-basalt interaction and applications to $CO_2$ mineral sequestration).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Hannes Jónsson, prófessor við Raunvísindadeild. **Meðleiðbeinendur:** Dr. Eric L. Sonnenthal, vísindamaður við Lawrence Berkeley National Laboratory (LBNL) í Kaliforníu, og Grímur Björnsson, vísindamaður hjá Reykjavík Geothermal.
Doktorsvörn Eddu fór fram 7. október.



## Emmanuel Pierre Pagneux

Landfræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Flóð á vatnasvæði Ölfusár: Landfræðileg greining á flóðahættu og viðbrögðum við henni (Floods in the Ölfusá basin, Iceland: A geographic contribution to the assessment of flood hazard and management of flood risk).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Guðrún Gísladóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild. **Meðleiðbeinendur:** Dr. Árni Snorrason, forstjóri Veðurstofu Íslands, og Salvör Jónsdóttir M.Sc., sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stundakennari við Háskólann í Reykjavík.
Doktorsvörn Emmanuels fór fram 28. október.



## Etienne Kornobis

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Grunnvatnsmarflær á Íslandi: Stofngerð og flokkun (Groundwater amphipods in Iceland: Population structure and phylogenetics).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Snæbjörn Pálsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild.
Doktorsvörn Etienne fór fram 29. október.



## Giulia Troglio

Rafmagns- og tölvuverkfræði / Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Genúa á Ítalíu.

**Heiti ritgerðar:** *Framsæknar sjálfvirkar aðferðir til myndgreiningar (Advanced Automatic Techniques for Image Analysis).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu og prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, og Sebastiano B. Serpico, prófessor við Lífeðlis- og rafeindaverkfræðideild Háskólans í Genúa. **Meðleiðbeinandi:** Dr. Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum við Háskóla Íslands.

Doktorsvörn Giuliu fór fram 6. maí.



## Helga Dögg Flosadóttir

Efnafræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Hægir sundrunarferlar afprótóneraðra kjarnsýra í gasfasa – tilraunir og hermanir (Metastable fragmentation mechanisms of deprotonated nucleic acids in the gas phase – A combined experimental and theoretical study).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Oddur Ingólfsson, prófessor við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. **Meðleiðbeinendur:** Dr. Snorri Þór Sigurðsson og dr. Hannes Jónsson, prófessorar við Raunvísindadeild, og dr. Eugen Illenberger, prófessor við Freie Universität í Berlín í Þýskalandi.

Doktorsvörn Helgu fór fram 29. ágúst.



## Judicael B.A. Decriem

Jarðeðlisfræði / Jarðvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Jarðskorpuhreyfingar á Suðurlandsbrotabeltinu: Líkangerð af jarðskjálftum og plötuhreyfingum (Crustal deformation from geodetic techniques: earthquakes and plate movements in the South Iceland Seismic Zone).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Þóra Árnadóttir, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans.

Doktorsvörn Judicaels fór fram 12. apríl.



## Ketill Heiðar Guðmundsson

Vélaverkfræði / Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Hönnun á rafsegulvökva fyrir gervihné með kjörsegulrás (Design of a Magnetorheological Fluid for an MR Prosthetic Knee Actuator with an Optimal Geometry).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Fjóla Jónsdóttir, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Doktorsvörn Ketils fór fram 8. júní.



## Kristján Matthíasson

Efnafræði /
Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Jónunarferlar og ljósrof í kjölfar fjölljóseindaörvunar og víxlverkunar milli orkuríkra sameindaástanda (Ionization processes and photo-fragmentation via multi-photon excitation and state interactions).*
**Aðalleiðbeinandi:** Dr. Ágúst Kvaran, prófessor við Raunvísindadeild. **Meðleiðbeinandi:** Victor Huasheng Wang, fræðimaður við Raunvísindadeild.
Doktorsvörn Kristjáns fór fram 14. október.



## Mauro Dalla Mura

Rafmagns- og tölvuverkfræði / Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Trentó á Ítalíu.

**Heiti ritgerðar:** *Greining fjarkönnunarmynda með framsæknum formfræðiaðferðum (Advanced Techniques Based on Mathematical Morphology for the Analysis of Remote Sensing Images).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu og prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, og dr. Lorenzo Bruzzone, prófessor í fjarskiptaverkfræði við Háskólann í Trentó.
Doktorsvörn Mauros fór fram 26. apríl á Ítalíu.



## Mariyanuge D.S.T. de Croos

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Rækjustofnar við vesturströnd Sri Lanka: Veiðar, stofngerð og æxlunarlíffræði (Shrimp Populations in Western Sri Lanka: the Fishery, mtDNA Variations and Reproductive Biology).*
**Leiðbeinendur:** Dr. Snæbjörn Pálsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, dr. Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild og dr. Lorna Taylor, sérfræðingur á sviði vistfræðilíkana, Aberdeen.
Doktorsvörn Mariyanuge fór fram 24. ágúst.



## Pamela J. Woods

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og University of Washington í Seattle.

**Heiti ritgerðar:** *Vistfræðilegur breytileiki og fjölbrigðni í bleikju (Ecological diversity in the polymorphic fish Arctic Charr (Salvelinus alpinus).*
**Leiðbeinendur:** Sigurður S. Snorrason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla, og Thomas P. Quinn, prófessor við University of Washington.
Doktorsvörn Pamelu fór fram 22. nóvember í Bandaríkjunum.



## Tiberiu Rosenzveig

Eðlisfræði /
Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Bylgjuleiðarar og ljósrásir úr nanóvírum (Plasmonic nanowire waveguides and devices operating at telecom wavelengths).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Kristján Leósson, vísindamaður við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.
Doktorsvörn Tiberius fór fram 14. febrúar.



## Tobias Zingg

Eðlisfræði /
Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Þyngdarfræðileg heilmyndun í þéttefnisfræði (Holographic Models for Condensed Matter).*
**Leiðbeinandi:** Dr. Lárus Thorlacius, prófessor við Raunvísindadeild.

Doktorsvörn Tobiasar fór fram 2. september.





www.hi.is

Útgefandi: Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands, 2011
Ritstjóri: Jón Örn Guðbjartsson
Efni: Björn Gíslason
Ljósmyndir: Ragnar Axelsson og fl.
Umbrot: PIPAR\TBWA
Prentun: Leturprent

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011